



## **Kveðja forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar á 80 ára afmæli Samvinnuskólans**

Þegar Samvinnuskólinn fagnar nú merkum tímamótum er að baki mikil saga sem tengist sjálfstæðisþróun Íslendinga nær alla þessa öld og framundan er veröld umbrota og breytinga sem skólinn er greinilega staðráðinn í að hagnýta með sköpunarkrafti og sóknarvilja.

Samvinnuskólinn tók til starfa þegar fátæk þjóð fagnaði fullveldi og hann fósraði forystusveit sem mótaði atvinnulíf og viðskipti, félagshætti og lýðræðisþróun í héruðum og sýslum austan jökla og vestan, norðan heiða og sunnan.

Hugsjónin um hollustu við land og þjóð var vegvísir sem vel reyndist.

Sú öld sem senn er á enda er mesta framfaraskeið í rösklega þúsund ára sögu Íslendinga. Samvinnuskólinn er í fremstu röð menntasetra sem hafa veitt þjóðinni í senn kjölfestu og frumkvæðisafl á þessu örlagaríka skeiði.

Nú býr skólinn sig til að heilsa nýrri öld staðráðinn í að vera áfram vettvangur umbótastarfs og nýjunga. Sess Samvinnuskólans í menntakerfi þjóðarinnar er ánægjuleg staðfesting þess að þrátt fyrir háan aldur ætlar skólinn sér að hafa fjölpætt áhrif á hið nýja samfélag sem nú er í mótun, að veita þjóðinni leiðsögn um heillandi veröld tækni og samskipta sem nú breytir með æ meiri hraða umhverfi okkar og starfsháttum.

Ég minnst með ánægju fróðlegra og skemmtilegra samræðna við nemendur skólans fyrir fáeinum árum og hlakka til að geta innan tíðar endurnýjað þau kynni.

Ég færi Samvinnuskólanum hamingjuóskir á þessum tímamótum og óska kennurum og nemendum allra heilla í framtíðinni.